

Mér og lögmanni sem ég hef borið þetta undir finnst þetta ansi hraðsoðin niðurstaða hjá Hæstarétti. Í úrskurði réttarins er beinlínis farið með rangt mál en þar er m.a. sagt að niðurstaða yfirkjörstjórnar hafi ekki verið véfengd í málatilbúnaði. Það sést augljóslega á neðangreindu sem sent var Hæstarétti að sú fullyrðing þeirra á ekki við rök að styðjast:

Við þetta verklag sem slíkt verður að gera athugasemdir:

- Hverjir stóðu að þessum fölsunum?
- Hvernig veit kjörstjórn að þeir voru fleiri en einn?
- Getur kjörstjórn bent á þessa falsara?
- Hefur kjörstjórn yfirheyrt meinta falsara?
- Hafði kjörstjórn krafist lögreglurannsóknar og fengið niðurstöður hennar á meintum fölsunum áður en listunum var hafnað?
- Hvernig liggur í því að við nánari athugun varð það augljóst að listarnir voru falsaðir þrátt fyrir að við fyrstu athugun á listunum hafi ekki verið auðvelt að sjá þetta?
- Hvernig var staðið að hringingum í þá sem voru á listunum til að sannreyna falsanir?
- Gátu þeir sem hringt var í verið vissir um að kjörstjórnin var að hringja í þá en ekki einhver sem væri að fíflast í þeim eða hnísast í þeirra pólitísku skoðanir? Formaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis skýrði t.d. frá því að hann hefði hringt þessi símtöl en ekki kynnt fyrir fólkinu hvern hann væri. Þegar Ástþór spurði formanninn hvort fólkið sem hann hefði talað við gæti hugsanlega hafa hræðst að tjá skoðanir sínar við hann sagði hann að fólkið sem hringt var í hefði ekki haft hugmynd um að það væri að tala við hann.
- Eru til hljóðupptökur, vitni eða önnur sambærileg hefðbundin rannsóknargögn um þessar úthringingar?

Til viðbótar þessu komu slík sjónarmið einnig fram í fyrri kærni til Hæstaréttar frá stuðningsmönnum, sem voru mjög óánægðir með þetta mál, sérstaklega í ljósi þess að enginn hefur verið yfirheyrdur vegna falsana, og maðurinn sem þeir sögðu að hefði falsað nöfn hefur komið fram í fjölmiðlum og segist ekkert nafn hafa falsað.

Lögreglan hefur ekki einu sinni yfirheyrt þennan mann!